

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 18.01.2018

**V / framvinda byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar**

Eins og staðan er núna (18.01.2019) er búið að steypa um 30% af áætluðu steypumagni sem fara á í bygginguna.

Allir eigendur hafa greitt fyrsta hluta stofnframlags vegna byggingarinnar, samtals 350 milljónir. Eins og staðan er núna má gera ráð fyrir að óskað verði eftir síðara framlagi frá sveitarfélagnum um mitt ár 2019.

Áfallin kostnaður vegna byggingarinnar er sem hér segir:

Tímabil	Greiddur kostnaður
Júlí 2018	47,9
Ágúst 2018	50,8
September 2018	120,9
Október 2018	193,1
Nóvember 2018	202,6
Desember 2018*	130,4

\* bráðabirgðatölur

Heildar kostnaður skv. ofangreindu er 745,7 m.kr. Verkið er á áætlun miðað við útboð, aukverk hafa verið lítil eða samtals 21,9 milljónir og eru vegna ófyrirséðra atriða sem snúa að jarðvinnu. Til viðbótar ofangreindum kostnaði bætist ýmiss annar kostnaður s.s. laun verkefnisstjóra, aðstoð lögmannna, leyfisgjöld, umsýsla osfrv.

Eins og áður hefur komið fram er eitt ágreiningsmál uppi við Aikan sem snýst um túlkun á skiladögum hönnunargagna og hefur SORPA gert kröfu á Aikan um skaðabætur vegna þessa. Einn sáttafundur hefur verið haldinn, í samræmi við samning aðila, en það hefur ekki skilað árangri. Fundur framkvæmdastjóra með forstjóra Aikan var nú í janúar og búist við einhverju útspili að hálfu Aikan fljótlega.

Virðingarfyllt,



Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri